

Nd.

273. Nefndarálit

[155. mál]

um frv. til l. um álag á ferðagjaldeyri.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þetta frv. felur í sér framlengingu á einum þeirra mörgu skatta, sem vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar lagði á þjóðina. Sjálfstæðisflokkurinn lýsti þá yfir andstöðu sinni við þá skatta og þar á meðal álag á ferðagjaldeyri og er afstaða flokksins til þessara skatta óbreytt.

Talið er að með þessum skatti muni 2 400 millj. kr. vera lagðar á almenning á næsta ári, sem er hluti af 60 milljarða króna aukaskatti til ríkisins á þjóðina miðað við verðlag fjárlagafrumvarpsins, sem vinstri stjórnin og núverandi ríkisstjórn bera ábyrgð á.

Við leggjum til að frv. þetta verði fellt.

Alþingi, 16. des. 1980.

Matthías Bjarnason,
frsm.

Matthías Á. Mathiesen.

Albert Guðmundsson.